



Lyfjastofnun

Icelandic Medicines Agency

Nefndasvið Alþingis
Heilbrigðisnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. D 139/1928
komudagur 4.4.2011

Reykjavík, 4. apríl 2011
Tilvísun: 08-01 / Málsnr: 2011030326

Efni: Umsögn Lyfjastofnunar um 573. mál, ávana- og fíkniefni og lyfjalög

Lyfjastofnun vísar til erindis frá nefndasviði Alþingis, dags. 24. mars sl., þar sem óskað er eftir umsögn Lyfjastofnunar um nefnt mál.


Almennt:


Frumvarpið felur efnislega í sér að lagt er til að veiting leyfa og undanþága til inn- og útflutnings á ávana- og fíkniefnum verði flutt frá velferðarráðuneyti til Lyfjastofnunar. Einnig er lagt til að greiða skuli gjald fyrir slík leyfi og undanþágur, sem er nýmæli. Talið er eðlilegt og í samræmi við erlenda framkvæmd að greitt sé fyrir slík leyfi, enda felur útgáfa þeirra í sér ákveðna vinnu fyrir yfirvöld sem umsækjendur ættu eðli máls samkvæmt að bera. Gert er ráð fyrir að gjald fyrir veitingu undanþága og leyfa verði ákvarðað með gjaldskrá Lyfjastofnunar og að það taki mið af kostnaði við framkvæmd verksins. Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis hafa til þessa verið veittar um 300 undanþágur árlega og um hálfu stöðugildi verið varið í hérumrædd verkefni hjá fagráðuneytinu sem verði lagt niður við samþykkt frumvarpsins.

Með vísan til framangreinds mun gjaldtaka Lyfjastofnunar fyrir þessa umsýslu þurfa að tryggja að gjaldið standi undir kostnaði við framkvæmd vinnunnar, þar sem ekkert fjárframlag fylgir þessu nýja verkefni hjá stofnuninni.

Haft var samráð við Lyfjastofnun við undirbúning frumvarpsins og hefur stofnunin því þegar komið sínum athugasemdum á framfæri, sem tillit hefur verið tekið til.

F.h. Lyfjastofnunar,


Rannveig Gunnarsdóttir


Helga Þórisdóttir

